



## Hreppsnefnd 13.07.04

Hreppsnefndarfundur Þriðjudaginn 13. júlí 2004, haldinn kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir voru Emil Sigurjónsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Halldóra Sigríður Árnadóttir, Sigurveig Róbertsdóttir, Björn Halldórsson, Ólafur Ármannsson og Steindór Sveinsson

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 21. júní sl.

Fundargerð hreppsnefndar frá 21. júní sl., lögð fram. Bent var á skekkju í bókun undir 9. máli og verður það lagfært.

Fundargeðin þannig samþykkt með 6 samhljóða atkv.

2. mál Fundargerð félagsmálanefndar frá 23. júní sl.

Fundargerð félagsmálanefndar frá 23. júní sl. lögð fram.

Fundargerðin síðan samþykkt með 6 samhljóða atkv.

3. mál Fundargerð bygginganefndar 12. júlí 2004.

Fundargerð bygginganefndar frá 12. júlí sl., lögð fram.

Björn H, Sigurbjörnsson mætti á fundinn.

Fundargerðin síðan samþykkt með 7 atkvæðum.

4. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps og stofnana 2003-Síðari umræða-Lagðar fram athugasemdir kjörins endurskoðanda dags. 8. júlí.

Sveitarstjóri fór yfir ársreikningana og gerði grein fyrir helstu frávikum milli fjárhagsáætlunar 2003 og ársreiknings. Í þeim efnum var lagt fram minnisblað sveitarstjóra frá 12. júlí 2004, þar sem helstu frávík eru skýrð, bæði á tekju og gjaldahlið reikninganna. All miklar umræður urðu síðan um fyrirliggjandi reikninga, Emil Sigurjónsson, oddviti lagði síðan til að reikningarnir yrðu samþykktir eins og þeir liggjafyrri við síðari umræðu.

Ársreikningarnir voru samþykktir með 6 atkv., einn sat hjá. Björn Halldórsson gerir grein fyrir atkv. sínu með sérstakri bókun: "Ég undirritaður samþykki ársreikninga Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2003 með fyrirvara um að vinnubrögð við áætlanagerð og uppgjör verði bætt og þess gætt að notaðar séu þær tölur sem réttastar eru. Jafnframt að reikningar verði lagðir fram til umræðu og samþykktar á réttum tíma í framtíðinni."

5. mál. Bréf skipulagsstofnunar, varðandi umsögn um tillögu að matsáætlun, vegna tengingar Vopnafjarðar við Hringveginn.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 15. júní sl., þar sem óskað er umsagnar Vopnafjarðarhrepps um tillögu að matsáætlun, vegna tengingar Vopnafjarðar við Hringveg.

Lögð fram svofelld tillaga að umsögn:

"Með bréfi dags. 15. júní sl., óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn Vopnafjarðarhrepps um tillögu að matsáætlun, vegna tengingar Vopnafjarðar við Hringveginn, sem unnin er af Vegagerðinni og dags. í maí 2004. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur fjallað um tillöguna á fundi sínum 15. maí sl. og fagnaði þá því að tillaga að matsáætlun, varðandi tengingu Vopnafjarðar við Þjóðveg eitt lægi fyrir. Vegagerðin var hvött til þess að flýta sem unnt er gerð endanlegrar matsskýrslu, þar sem leitast yrði við að bera saman kosti og galla þeirra leiða sem til umfjöllunar eru, þannig að unnt verði á faglegum nótum að mæla með einni ákveðinni leið áður en að endanlegum úrskuði Skipulagsstofnunar kemur.

Hreppsnefnd mælir því með að unnið verði í samræmi við fyrirliggjandi tillögu Vegagerðarinnar að

matsáætlun, hvað varðar tímaáætlanir og að skoðaðir verði kostir og gallar þeirra leiða sem til athugunar hafa verið.

Hreppsnefnd vill þó benda á mikilvægi þess hvort heldur væntanlegur vegur mun koma niður í Hofsárdal eða Vesturárdal að litið verði á tengingu milli dalanna sem nauðsynlegan þátt í tengingu Vopnafjarðar við Hringveginn.”

Töluverðar umræður urðu síðan um málið.

Fyrirliggjandi tillaga að afgreiðslu síðan samþykkt með 7 atkv.

6. mál. Fasteigna- og Skipasala Austurlands bréf dags. í júní 2004, varðandi byggingarbréf vegna jarðarinnar Ytri-Hlíð 1, Vopnafirði.

Lagt fram bréf fasteigna- og Skipasölnunnar frá júní sl., þar sem óskað er samþykkis fyrir ráðstöfun skv. byggingabréfi vegna Ytri-Hlíðar 1, sbr. Ákvæði 1. mgr. 6.gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Hreppsnefnd samþykkir fyrrgreinda ráðstöfun með 6 atkv. Emil tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

7. mál. Hamrahlíð 15; tillaga að sölu neðri hæðar hússins til svokallaðs Jónshóps til uppbyggingar á vinnustað fyrir aldraða og öryrkja.

Lögð fram hugmynd að sölu neðri hæðar fasteignarinnar Hamrahlíðar 15 til svokallaðs Jónshóps. Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir málið og skýrðu það. Nokkur umræða varð síðan um fyrirliggjandi hugmyndir.

Hreppsnefnd samþykkir að selja fasteignina í samræmi við fyrirliggjandi hugmyndir. Sveitarstjóra falið að vinna að endanlegri útfærslu málsins.

Tillagan samþykkt með 7 atkv. Sigurveig gerir grein fyrir atkvæði sínu með svofelldri bókun:” Ég undirrituð vil ekki koma í veg fyrir að þetta mál nái fram að ganga og greiði því atkvæði mitt með þessu. En vil koma á framfæri óánægju minni með útfærslu á verði húsnæðisins.”

8. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 30. júní sl.

Lögð fram til kynningar.

9. mál. Sumarleyfi hreppsnefndar.

Oddviti gerði grein fyrir málinu og lagði til að sumarleyfi yrði þannig að sefnt verði að því að hreppsnefnd komi saman næst 26. ágúst nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið.